

## Jafnrétti - aðgerðaáætlun Austurbæjarskóla skólaárið 2018 – 2019

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
<b>Nemendur</b>			
Að tryggja að fulltrúar nemenda í skólaráði og nemendaráði séu af sitthvoru kyni og/eða fulltrúar ólíkra etnískra hópa.	Stjórnendateymi skólans verði meðvitað um þetta markmið við næsta val á nemendum.	Skólastjóri	Nemendaráð: Haust 2018  Skólaráð: Vor 2019 þegar val fulltrúa fer fram.
Að nemendur vinni með nýjar upplýsingar og nýtt námsefni sem byggir á hugmyndafræði um jafnrétti.	Jafnt og þétt yfir skólaárið fái kennarar upplýsingar um nýtt námsefni, fundi, ráðstefnur eða annað efni sem nýta má í skólastarfi.	Náms- og starfsráðgjafi	Allt skólaárið.
Að nemendum standi til boða matur í mötuneyti sem stríðir ekki gegn lífs- og trúarskoðunum þeirra.	Yfirmaður í skólaeldhúsi fær upplýsingar um þessa nemendur og tryggir að nemendum standi annað sambærilegt til boða.	Ábyrgð foreldra er að tilkynna.  Ritari skólans miðlar upplýsingunum til yfirmanns skólaeldhúss.	Allt skólaárið.
Að fyrir liggi upplýsingar um hvort verið sé að veita stelpum og strákuum jafna aðstoð og ráðgjöf sem byggir á námslegri getu.	Verkefnastjóri sérkennslu og námsráðgjafi fara yfir námsárangur nemenda og greina sundur eftir kyni. Ber niðurstöður síðan saman við þann hóp sem fær sérstakan stuðning eða sérkennslu á vegum skólans .	Aðstoðarskólastjóri og náms- og starfsráðgjafi	Í janúar. Oftar ef þurfa þykir.
Að tryggja að þjálfun og námskeið sem miða að því að auka þroska s.s. félagsfærni og draga úr reiði og eða kvíða standi báðum kynjum jafnt til boða.	Náms- og starfsráðgjafi og þroskaþjálfari fara reglulega yfir upplýsingar og ábendingar frá kennurum og öðru starfsfólki skólans.	Náms- og starfsráðgjafi og þroskaþjálfari.	Allt skólaárið.
<b>Starfsmenn</b>			
Að endurtaka og ítreka kynningu á jafnrétti sem grunnstoð skólastarfs, jafnréttisáætlun skólans og aðgerðaráætlun.	Á almennum starfsmannafundi verði sérstök kynning og umfjöllun um jafnrétti í skólastarfi, áherslur skólans og aðgerðir.	Skólastjóri	Að hausti.

\*Aðgerðaráætlunin er uppfærð árlega.

„Tölum fallega við hvort annað, við nemendur, foreldra og um skólann okkar“. Að öll orðræða og viðmót starfsfólks skólans endurspeglir virðingu fyrir fjölbreyttum nemendahóp, foreldrum og fjölskyldum.	Í upphafi skólaárs, þegar farið er yfir aðgerðaráætlunina er þetta markmið gert að sérstöku umfjöllunarefni. Hver og einn starfsmaður skoðar viðhorf sín og framkomu.	Skólastjórnendur	Allt skólaárið.
Að jafna kynjahlutföll í hópi starfsfólks.	Ef val stendur á milli jafnhæfra einstaklinga af sitt hvoru kyni ber að ráða þann af því kyni sem hallar á. Þetta gildir þó ekki um þaðvörslu stúlkna og drengja.	Skólastjóri	Allt árið.
Að stjórnunar- og ábyrgðarstörf standi báðum kynjum til boða í sömu hlutföllum og kynjaskipting starfsmannahópsins segir til um.	Skal þess gætt þegar valið/kosið er í stjórnunar- og ábyrgðarstörf	Skólastjóri – stjórnendateymi.	Allt skólaárið.
<b>Foreldrar</b>			
Að kynna fyrir foreldrum strax að hausti jafnréttisáætlun skólans og aðgerðaráætlun fyrir skólaárið.	Jafnréttisáætlun og aðgerðaráætlun vetrarins er kynnt á haustfundi með foreldrum og birt í heild sinni á heimasíðu skólans.	Skólastjórnendur sér til þess að áætlun sé birt á heimasíðu. Umjónarkennarar sjá um kynningu áætlunarinnar á haustfundi.	Að hausti.
Að foreldrum standi ávallt til boða að hafa tulk á þeim fundum sem skólinn boðar til.	Umsjónarkennurum skulu leita upplýsinga um hvort fjölskylda óski eftir þjónustu túlks. Er upplýsingunum safnað á sérstakt skjal sem uppfært er að hausti og oftast ef þurfa þykir. Skulu kennarar skila skjalinu til ritara.	Umsjónarkennarar.  Ritari tekur við upplýsingum sem snýr að þörfum foreldra fyrir túlkþjónustu.	Allt skólaárið.
Að tryggja sem jafnasta aðkomu beggja foreldra að skólastarfi t.d. á formlega fundi í skólanum eða þegar foreldrar fá sendan hóppóst. Ef hringja þarf heim og ná í foreldri þarf að hafa hugfast að hringja jöfnum höndum í feður og mæður. Einnig senda tilfallandi tölvupósta varðandi nemanda á báða foreldra.	Allir starfsfólk skólans sem þarf starfs síns vegna að hafa samband við foreldra nemenda verður að hafa þetta markmið hugfast.	Skólastjórnendur, teymisstjórar og ritari.	Allt skólaárið.

\*Aðgerðaráætlunin er uppfærð árlega.

\*Aðgerðaráætlunin er uppfærð árlega.